

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra í ferðakostnaði samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða 30 krónur fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis í hverri vitjun.

2. gr.

Greiðsla skv. 1. gr. skal dragast frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslæknis eða flytjanda hans þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar snerta ekki greiðslur samlagsmanna, er njóta læknisþjónustu, sem byggist á númerasamningi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. mars 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um rannsóknastofnanir við heimspekideild Háskóla Íslands.

I. Bókmenntafræðisstofnun Háskóla Íslands

1. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar rannsóknastofnun í bókmenntafræði samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókn- og fræðlustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- Stofnunin annast grundvallarrannsóknir í íslenski og almennri bókmenntafræði: bókmenntasögu, bókmenntalegri fagurfræði og bókmenntagagnrýni.
- Stofnunin annast þjóðfélagslegar rannsóknir á íslenskum og almennum bókmenntum.
- Stofnunin annast rannsóknir á íslenskum og almennum leikhúsbókmenntum í tengslum við íslenska leiklistar- og leikhússögu, uns sérstakri stofnun yrði komið á fót í þeirri grein.
- Stofnunin annast rannsóknir í íslenski og almennri samanburðarbókmenntafræði, svo og á sambandi bókmennta við aðrar listgreinar, til að mynda myndlist og tónlist.